

SKÓLANÁMSKRÁ**Góður skóli - gjöful framtíð**

Íslenska	3
Megináherslur: Málfræði, ritun, bókmenntir, 145 - 210 orð á mínu.	3
Læsisstefna: Heimalestur a.m.k. 10 mín 5x í viku, lestur í skóla.	3
Stærðfræði	6
Megináherslur: Algebra, rúmfræði og tölfræði	6
Stærðfræðistefna: undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, góð þekking á tölfræði, rannsakað mynstur og alhæft um þau.	6
Samfélagsfræði	8
Megináherslur: Samfélag og heimspeki	8
Náttúrufræði	9
Megináherslur: Líffæri, frumur og ljóstillífun	10
Enska	11
Megináherslur: Lestur, orðaforði og málfræði	11
Danska	12
Megináherslur: Orðaforði, ritun, mismunandi námsaðferðir	12
Upplýsingamennt	14
Megináherslur: Fingrasetning, ritvinnsla og forrit.	14
Skólaíþróttir	15
Megináherslur: Ýmsar íþróttir og sund	15
Myndmennt	17
Megináherslur: Málun og teikning	17
Smíði	18
Megináherslur: Margvísleg smíðaverkefni.	18
Heimilisfræði	19
Megináherslur: Matreiðsla, næring og kostnaður.	19
Textílmennt	21
Megináherslur: Margvísleg textílverkefni	21
Dans	23
Megináherslur: Örva hreyfi- og rýmisþroska og félagsgreind.	23

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Umsjón og lífsleikni	24
Megináherslur: Bekkjarfundir	24

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Íslenska

Megináherslur: Málfræði, ritun, bókmenntir, 145 - 210 orð á mínu.

Læsisstefna: Heimalestur a.m.k. 10 mín 5x í viku, lestur í skóla.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Talað mál, hlustun og áhorf:

- Geti flutt mál sitt skýrt og áheyrliga og hafi tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas. Geti hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu. Einnig notið myndefnis upplestrar, leikins efnis og tónlistar, gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni og sett fram rökstutt mat á því. Geti átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitsemi, virðingu og kurteisi. Geti nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar. Geti nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvíkmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.

Lestur og bókmenntir:

- Lesi almenna texta af öryggi, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra. geti lesið, túlkað, metið og fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og geri sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu. Geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. Geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, s.s. minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannist við myndmál, algeng tákn og stílbrögð. Geti notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tínum. Geti leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, s.s. fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess. Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa. Skilji mikilvægi þess að geta lesið og efti eigið læsi. Valið og beitt

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

mismunandi aðferðum við lestar geri sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og geti gert öðrum grein fyrir því.

Ritun:

- Geti beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt. Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálparbögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær. Tjáð skoðanir sínar og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og verið óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun. Geti beitt reglum um réttritun, hafi náð góðu valdi á stafsetningu og geri sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda. Geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um. Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málstíði við hæfi.

Málfræði:

- Geti beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess. Átti sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og geri sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. Geti flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna. Gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málstíði eftir efni og tilefni. Áttað sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekki til helstu framburðarmállýska. Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap. Notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni. Valið orð í tali og ritun í samræmi við málstíð, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Helstu námsbækur og gögn:

Logar. Hljóðbók er að finna á <https://www.mms.is/namsefni/logar-hljodbok>. Skáldsagan Mávahlátur. Finnur – verkefni í málfræði og stafsetningu. Lesskilningsverkefni og ritunar- og stafsetningarverkefni (gagnvirk þjálfunarforrit) „Með fjaðrablik...“ Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla. Á önninni lesa nemendur kjörbækur að eigin vali. Skáldsagan Englar alheimsins. Gullvör. Kennslubók í málfræði fyrir ungleingastig Gorma – valin ljósrituð verkefni úr bókinni. Lesskilningsverkefni og ritunar- og stafsetningarverkefni (gagnvirk þjálfunarforrit) t.d. af skolavefurinn.is.

Námsmat:

Þátttaka í umræðum, tímaritgerð, kannanir og tímaverkefni.

Heimapróf/verkefni, munnleg kynning. Vorpróf/námsmatsverkefni.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Stærðfræði

Megináherslur: Algebra, rúmfræði og tölfræði

Stærðfræðistefna: undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, góð þekking á tölfræði, rannsakað mynstur og alhæft um þau.

Að nemandi geti:

Hæfniviðmið:

Tölur og reikningur:

- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum, reiknað með ræðum tolum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru, notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.

Algebra:

- Rannsakað mynstur og alhæft um þau, leyst jöfnur, notað breytistærðir og lýst sambandi þeirra með stæðum og föllum, unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum, leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð.

Rúmfræði og mælingar:

- Notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar þar með talin hugtök um stærðarhlutföll, innbyrðis afstöðu lína, færslur og fræðilega eiginleika tví- og þrívíðra forma, - notað mælikvarða og unnið með einslaga form, útskýrt setningu Pýþagórasar og reglu um hornasummu í marghyrningi og beitt henni í margvíslegu samhengi. Einnig gert rannsóknir á rétthyrndum þríhyrningum og reiknað hliðarlengdir og horn út frá þekktum eiginleikum.

Tölfræði og líkindi:

- Skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir og dregið ályktanir af þeim, notað hugtök eins og skilyrtar líkur og óháðir atburðir, notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Helstu námsbækur og gögn:

Almenn stærðfræði III

Námsmat:

það eru kaflapróf í lok hvers kafla. Nemendur sem ekki ná 5 í kaflaprófum fá leiðsögn og endurtaka prófin. Nemendur skila 15 leikni verkefnum yfir veturinn sem þau vinna heima. Kennaraeinkunn sem byggir á vinnubrögðum og vinnusemi nemenda.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Samfélagsfræði

Megináherslur: Samfélag og heimspeki

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

Reynsluheimur:

- Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs. Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis. Gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifapáttta. Séð hvernig sagan hefur mótað af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum. Tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu, verði gagnrýnninn neytandi og geti sett sér markmið á grundvelli þekkingar á fjármálaumhverfi einstaklinga og samfélags og þeim tilboðum sem eru í boði. Gert sér grein fyrir hlutverki og margbreyleika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tínum og menningarsvæðum. *Hugarheimur:* Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfssín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmýnd hans mótað af umhverfi og búsetu, stjórnámum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar og lífsviðhorfum. sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tínum. Sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.

Félagsheimur:

- Komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra. Greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða. Sýnt sjálfssaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga. Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill.

Grunnskóli Húnaþings vestra - 10. bekkur

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Helstu námsbækur og gögn:

68 æfingar í heimspeki. Á ferð um samfélagið. Verkefni frá kennara. Tölvur/ipadar.

Námsmat:

Kaflapróf 50%. Vinna og virkni/sjálfsmat 10%. Þátttaka í umræðum/heimspekiverkefni 15%.

Ritunar/ritgerðarverkefni 15%. Framsagnarverkefni 10%.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Náttúrufræði

Megináherslur: Líffæri, frumur og ljóstillífun

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannslíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi.
- Lýst hringrás efna og flæði orku í náttúrunni, útskýrt ljóstillífun og bruna og gildi þeirra.
- Beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingsastigsins.
- Lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.

Helstu námsbækur og gögn:

Litróf náttúrunnar. Mannslíkaminn. Gögn af netinu. Verklýsingar má finna inni á Google Classroom. Þar má einnig finna Mannslíkamann sem raf- og hljóðbók.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Verkefnavinna. Gagnapróf

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Enska

Megináherslur: Lestur, orðaforði og málfræði

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.
- Geti aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Geti lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólk og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.
- Geti skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. Framúrskarandi.
- Nýti sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmöldum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Helstu námsbækur og gögn:

Spotlight 10, lesbók og vinnubók Sadako – ljósritað leshefti og verkefni. Charlie and the Chocolate Factory. Write Right two. Ýmis aukaverkefni frá kennurum.

Námsmat:

Símat og leiðsagnarmat.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Danska

Megináherslur: Orðaforði, ritun, mismunandi námsaðferðir

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. Lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Geti lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólk og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi. Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í. Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.
- Geti tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum. Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokku öryggi.
- Geti skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín. Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni. Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma. Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sánska, færeyska, skoska, ameríkska.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

- Geti beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða. Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf. Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.
- Geti unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmöldum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.

Helstu námsbækur og gögn:

Efni frá kennara. Vefsíður. Þættir/kvikmyndir. Greinar/textar. Ekko lesbók. Málfræði Dan 102

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Símat. Sjálfsmat. Verkefni. Vinna í tímum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Upplýsingamennt

Megináherslur: Fingrasetning, ritvinnsla og forrit.

Hæfniviðmið

Að nemandi:

- Geti nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar. Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Beitti réttri fingrasetningu.
- Geti unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.
- Geti nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Geti nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttigarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Geti nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.
- Geti nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, hljóðvinnslu og gerð myndbanda.
- Geti útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.
- Sýni ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- Nýti rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð og vinni í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.

Helstu námsbækur og gögn:

Alls kyns námsforrit (t.d. á www.mms.is), myndvinnsluforrit, klippiforrit fyrir myndbönd, forrit á borð við Word, Powerpoint, Excel eða sambærileg forrit eins og Google Docs, Google Sheets o.fl.

Námsmat:

Mörg minni verkefni sem eru unnin yfir veturinn eins og æfingar í Google Docs og Sheets Virkni í tínum, m.a. að geta haldið sig við vinnu sína, tekið þátt í umræðum, tjáð sínar skoðanir o.s.fr.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Skólaíþróttir

Megináherslur: Ýmsar íþróttir og sund

Hæfniviðmið:

Að nemandi geti:

- Gert æfingar sem reyna á lofháð og loftfirrt þol. Sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu. Gert liðleika æfingar sem reyna á hreyfivídd og hreyfigetu.
- Tekið þátt í hópíþróttum, einstaklings íþróttum og heilsurækt innan og utan skólans.
- Sýnt leikni og synt viðstöðulaust í bringusundi, baksundi, skriðsundi, flugsundi og kafsundi auk þess að geta troðið marvaða.
- Skilið mikilvægi virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann og skilið mikilvægi góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum.
- Þekkt mismunandi tegundir leikreglna, farið eftir þeim og sýnt háttvísí í leik, bæði í hóp og einstaklings íþrótt. Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans
- Rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra Útskýrt þjálfunaraðferðir og notað hugtök sem tengjast sundiðkun og ýmsum íþróttum
- Sett sér skammtíma- og langtímaparkmið í íþróttum og heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa Tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.
- Tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum. Framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalsa.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Námsmat:

Sjálfsmat á eigin frammistöðu eftir ákveðna áhersluþætti og íþróttagreinar. Virkni og frammistaða í kennslustundum. Verkleg próf/æfingar. Bóklegt verkefni- þjáfunaráætlun, matardagbók o.fl.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Myndmennt

Megináherslur: Málun og teikning

Hæfniviðmið

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum.
- Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- Gengið frá eftir vinnu sína.
- Lagt mat á eigin verk.

Helstu námsbækur og gögn:

- Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

- Vinnusemi og áhugi.
- Umgengni og hvort farið er eftir fyrirmælum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Smíði

Megináherslur: Margvísleg smíðaverkefni.

Hæfniviðmið

- Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar
- Valið og notað verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Teiknað einfalda skissu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Lært helstu öryggisreglur og notkun hlífðarbúnaðar.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Umsögn í lok annar og bókstafur. Vinnusemi og áhugi. Umgengni og hvort farið er eftir fyrirmælum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Heimilisfræði

Megináherslur: Matreiðsla, næring og kostnaður.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari.
- Geti greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi.
- Geti greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu.
- Geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar málftíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni.
- Geti nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnnin hátt um næringafræði, neytendamál, hagkvæmni í innkaupum, aukefni, geymslu og matreiðslu.
- Geti beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsáhöld. greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum.
- Geti sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðarrétti.

Helstu námsbækur og gögn:

- Uppskriftir fyrir unglungastig <https://vefir.mms.is/heimilisfraedi/unglingastig.pdf>
- Næring og lífshættir
- Matur og menning
- Ýmist ítarefni t.d. af heimasíðum Menntamálastofnunar, Embætti landlæknis og Sorpu.
- Uppskriftir frá kennara

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig. Frammistöðumat þar sem könnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni. Við námsmat er tekið tillit til eftirfarandi þátta: virkni í tínum, umgengni um stofuna, samvinnu, sjálfstæðra vinnubragða og framkomu. Lokaeinkunn er gefin með bókstaf í lok skólaárs.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Textílmennt

Megináherslur: Margvísleg textílverkefni

Lykilhæfni

Jafnt og þétt yfir veturinn er lykilhæfni nemenda metin út frá fimm mismunandi þáttum og má nálgast þau viðmið á heimasíðu skólans. Viðmiðin eru stigvaxandi eftir árgögum.

Hæfniviðmið

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemandi

- Geti beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar
- Geti fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum
- Getið unnið með einföld snið og uppskriftir

Sköpun, hönnun og útfærsla

Að nemandi

- Geti þráoð eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli
- Geti notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla
- Geti útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum
- Geti nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíl og textílvinnu

Menning og umhverfi

Að nemandi

- Geti fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni
- Geti gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruefna og gerviefna
- Geti sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir
- Geti gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Námsmat:

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins.

Stuðst er við leiðsagnarmat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðalega fram í samtölum nemandi og kennara. Kennari leiðbeinir nemandi á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemandanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Dans

Megináherslur: Örva hreyfi- og rýmisproska og félagsgreind.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti dansað einföld hreyfimynstur og notað þau í paradönsum og barnadönsum.
- Taki þátt í skapandi dansferli.
- Taki tillit til jafningja í samstarfi
- Geti samhæft hreyfingu og takt í tónlist

Helstu námsbækur og gögn:

Tónlist og sýnikennsla danskennara.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda. Einkunn gefinn í bókstöfum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Umsjón og lífsleikni

Megináherslur: Bekkjarfundir

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Átti sig á sjálfum sér og öðrum
- Myndi hæfni til að þróa tengsl sín við aðra
- Geti fundið lausnir á árekstrum og vandamálum í félagslegu tilliti.

Helstu námsbækur og gögn:

Efni frá kennara og umræður. Ávallt er skrifuð fundargerð og hún birt á heimasíðu skólans.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda. Ekki er gefinn einkunn eða umsögn.